



Morgunblaðið, 25.10.2024, síðu 10.
grein stærð: 52.95 sm²
grein hæð: 10.27 sm

Framkvæmdir hafnar við Búrfellslund

Framkvæmdir eru hafnar við fyrsta vindorkuver landsins. Búrfellslundur, eða Vaðölduver, verður á 17 ferkílómetra svæði í kringum Vaðöldu í Rangárþingi



Ráðherra og forstjóri á verkstað.

ytra. Fulltrúar sveitarfélagsins, Borgarverks, verkfræðistofunnar COWI og Landsvirkjunar fögnuðu þessum áfanga sl. miðvikudag.

Við þetta tilefni heimsótti Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, verkstað við Vaðöldu. Á svæðinu er vegavinna og innviðauppbýgging hafin, veglagning og undirbúningur fyrir uppsetningu vinnubúða, segir m.a. á vef Landsvirkjunar.



Innlent



Morgunblaðið/Eyþór

Ljósið í handverki tvinnast saman félagsleg, andleg og líkamleg endurhæfing, og daglega er fjölbreytt dagskrá.

Það þarf að fjárfesta í endurhæfingu strax

● Vonast til að nýr samningur milli Ljóssins og SÍ takist fljótt ● Einstakt meðferðarúrræði ● Heilsa og virkni

Dóra Ósk Halldórsdóttir
doraosk@mbl.is

Samningar milli Ljóssins og Sjúkra-trygginga Íslands um niðurgreiðslu á þjónustu hafa verið lausir frá því um áramót og hefur fyrri samningur verið framlengdur í þrjá mánuði í senn. „Við erum að vinna að endurnýjun á heildarsamningi milli Ljóssins og Sjúkra-trygginga Íslands. Það ferli gengur hægt en við vonumst til að nýr samningur líti dagsins ljós sem allra fyrst, svo við þurfum ekki að skera niður og takmarka aðgang að þessari nauðsynlegu heilbrigðisþjónustu,“ segir Erna Magnúsdóttir, iðjuþjálfari og framkvæmdastýra Ljóssins.

Leiðin til heilsu

„Það er ekkert annað sambærilegt endurhæfingarúrræði á Íslandi eins og Ljósið, og við höfum heldur ekki fundið neitt sambærilegt erlendis, þar sem fólk fær stuðning án þess að vera í beinni innlög. Ljósið er þverfaglegt endurhæfingarúrræði þar sem margar fagstéttir koma að endurhæfingunni,“ segir Guðrún Friðriksdóttir iðjuþjálfari.

Guðrún segir að markmiðið með iðjuþjálfun og starfsemi Ljóssins í heild sé alltaf að koma einstaklingnum aftur út í samfélagið eftir erfiðu veikindi og má segja að Ljósið sé millistykki frá greiningu og þar til einstaklingurinn er orðinn virkur í samfélaginu aftur.

„Við erum ekki með eina ríkisleið í gegnum Ljósið heldur bjóðum við upp á endurhæfingarhlaðborð sem fólk getur valið úr það sem hentar getu þess og markmiðum. Iðjuþjálfar Ljóssins sinna mikilvægu hlutverki sem og stuðla að því að fólk fái stuðning við hlutverk sín, byggi upp andlega orku og þrautseigju og er þetta gert í gegnum t.d. viðtöl, fræðslunámskeið, listsköpun og jafningjastuðning.“

Handverk í þágu samfélagsins

Handverk er hluti af listsköpuninni en margir setja samasemmerki milli iðjuþjálfunar og handverks. „En ég er iðjuþjálfari og kann ekki að þrjóna,“ segir Guðrún og hlær. „Hins vegar tvinnast margir þættir iðjuþjálfunar saman í handverki. Þar er fólk félagslega tengt og heldur uppi samræðum. Það er mætt á ákveðnum tíma, og búið að klæða sig, borða morgunmatinn og komið út af heimilinu og þessi samvera í einn eða tvo tíma.“ Hún bætir við að fólk geti oft verið þreytt í krabbameinsmeðferð og að umgangast fólk getur verið erfið þegar áreitniþröskuldurinn er lágur, en þessi



Endurhæfing Iðjuþjálfarnir Erna framkvæmdastjóri Ljóssins og Guðrún fylgjast vel með í sínu fagi en dagur iðjuþjálfunar er núna á sunnudaginn.

AUKNING KRABBAMEINS

Betri árangur af meðferð

Á Íslandi greinist einn af hverjum þremur með krabbamein einhvern tíma á lífsleiðinni. Samkvæmt krabbameinsáætlun er fyrrisjáanleg aukning krabbameinsgreininga 40% til ársins 2035. Á sama tíma er betri árangur af meðferð og fjölgar lifendum um 50%. Í hverjum mánuði eru jafnan rúmlega 600 manns í virkri endurhæfingu hjá Ljósinu og árið 2023 voru 1.664 manns í virkri endurhæfingu og stór hluti þeirra er útskrifaður.

félagslegi þáttur sé mjög mikilvægur í endurhæfingu.

„Síðan er líkamlegi þátturinn að vera í ákveðnum tíma að sinna ákveðnu verkefni og gera sitt besta. Margir sem fara í krabbameinsmeðferð fá úttaugaskaða, þ.e. minni tilfinningu eins og náladófa eða verki í fingur og fætur. En þessi fínhyfing í handverkinu getur hjálpað við að viðhalda færni.“

Guðrún nefnir einnig að andlegri þátturinn sé mikilvægur. „Skjól-

stæðingar okkar gáfu þrjónaða bangsa til allra sjúkrahúsa fyrir stuttu, og við höfum þrjónað fyrir vökudeild Landsþítalans, Gley-mér-ei og núna húfur og vettlinga fyrir Frú Ragnheiði. Það er mikilvægt að finna að störf manns skipti máli fyrir samfélagið, líka þegar maður er í endurhæfingu vegna veikinda. Síðan er jafningjastuðningurinn innan Ljóssins ómetanlegur, bæði fyrir þá sem eru að koma í fyrsta sinn, en ekki síður fyrir þá sem geta miðlað af reynslu sinni. Fólkíð okkar fer að hugsa svolítið eins og iðjuþjálfar. Það skoðar betur hvar það vill eyða orku sinni.“

Minna álag á heilbrigðiskerfið

Erna segir rannsóknir styðja að endurhæfing sem hefst snemma eftir krabbameinsgreiningu, með hreyfingu, sálfélagslegum stuðningi og annarri virkni, dragi úr aukaverkunum meðferðar, minnki líkur á endurgreiningu og lækki dánartíðni. Þetta sýni mikilvægi þess að fjárfesta í endurhæfingu strax frá upphafi meðferðar.

„Ljósið gegnir lykilhlutverki við að koma skjólstæðingum aftur í virkni, hvort sem það er í vinnu eða samfélagslegt hlutverk. Krabbameinsérfræðingar segjast finna fyrir marktækri fækkun einstaklinga með krabbamein sem þurfa að leita á bráðadeild vegna kvíða og angistar í kjölfar krabbameinsgreiningar þar sem fjöldi fólks hefur fengið slíka hjálp hjá okkur.“



▲ **Hvammsvirkjun** Landsvirkjun hyggst reisa virkjunina í neðri hluta Þjórsár. Öll tilskilin leyfi liggja nú fyrir en búast má við frekara kærufarli vegna framkvæmdanna.

„Það er ekkert sem stoppar Landsvirkjun“

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps hefur samþykkt umsókn Landsvirkjunar um framkvæmdaleyfi Hvammsvirkjunar í Þjórsá. Landsvirkjun hyggst reisa Hvammsvirkjun í neðri hluta Þjórsár, á landi sem tilheyrir annars vegar Skeiða- og Gnúpverjahreppi og hins vegar Rangárþingi ytra, og felur framkvæmdin í sér fjögurra ferkílómetra lón í byggð.

Þetta er í annað sinn sem framkvæmdaleyfi virkjunarinnar er samþykkt. Orkustofnun gaf út virkjunarleyfi fyrir Hvammsvirkjun í desember 2022 og sveitarfélögin samþykktu framkvæmdaleyfi sumarið 2023. Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála bárust tíu kærur vegna virkjunarleyfisins og var niðurstaða nefndarinnar að fella leyfið úr gildi og þar með framkvæmdaleyfið. Virkjunarleyfi var endurnýjað í haust og nú hefur framkvæmdaleyfi verið samþykkt í báðum sveitarfélögum.

Framkvæmdaleyfið var samþykkt samhljóða á fundi sveitarstjórnar Rangárþings ytra í síðustu viku en leyfið var samþykkt með fjórum atkvæðum gegn einu í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Axel Á. Njarðvík, fulltrúi U-listans, greiddi atkvæði gegn leyfinu. „Fyrirhuguð Hvammsvirkjun mun hafa veruleg og óafturkræf áhrif á náttúru, lífríki og landslag. Öllum ætti að vera löngu ljóst að tjónið og skaðinn sem Hvammsvirkjun mun valda á náttúru og samfélagi verður aldrei bætt,“ segir í bókun sem Axel lagði fram á fundinum. Axel og eiginkona hans, Sigprúður Jónsdóttir, hafa barist ótullega fyrir verndun Þjórsárvera. Axel segir tilgang framkvæmdanna enn óljósan auk þess sem óljóst er hvort orkuskipti sé yfir höfuð raunverulegur tilgangur virkjunarinnar.

„Það er ekkert sem stoppar Landsvirkjun í því að hefja framkvæmdir af fullum krafti,“ segir Haraldur Þór Jónsson, oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps, í samtali við Heimildina. Hann segist samt sem áður fullmeðvitaður um að andstæðingar virkjunarinnar muni kæra leyfisveitingar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, rétt eins og gert var síðast þegar framkvæmdaleyfið var veitt. „Umræðan í þessum mála-flokki er pólitísk deila,“ segir Haraldur. ■

erlamaria@heimildin.is

Ágúst Sigurðsson, forstöðumaður Lands og skógar – 60 ára

Í forstöðu fyrir nýja ríkisstofnun

Ágúst Sigurðsson er fæddur 31. október 1964. „Ég fæddist norður í Skagafirði en foreldrar mínir bjuggu þá og störfuðu á Hólum í Hjaltadal. Fjölskylda mín var þar fyrir norðan í nokkur ár en við fluttum síðan að Kirkjubæ á Rangárvöllum árið 1967 er foreldrar mínir keyptu þar hrossaræktarþú og þar hef ég átt mína heimahöfn allar götur síðan með allnokkrum útdúrum þó.

Ég er svona nokkurn veginn fæddur á hestbaki og sá fyrir mér ævina við tamningar og dásamlegt hestastúss en komst svo að því að það er bara svo ótrúlega margt fleira skemmtilegt sem lifið hefur upp á að bjóða.

Ég hef alltaf sótt í fjölbreytt viðfangsefni. Stundaði áhugavert nám í landbúnaðarfræðum á Hvanneyri eftir grunnskólagöngu á Hellu með viðkomu í raungreinadeild Tækniskólans gamla. Í raungreinadeildinni las ég einn skemmtilegasta kúrs ævi minnar sem var Hugmyndasaga hjá Ólafi Jens Péturssyni – heimspekin leitar reyndar sterkt á mig eftir því sem árin færast yfir og mest finnst mér gaman að fagurfræði Kants.

Á Hvanneyri fékk ég óstöðvandi áhuga á erfðafræði og kynbótum búfjár og var svo heppinn að komast í kynni við frábæran leiðbeinanda, dr. Þorvald Árnason búfjárerfðafræðing sem þá starfaði við sænska Landbúnaðarháskólann í Uppsöllum. Hann setti sig í samband við mig og lagði upp metnaðarfullt BSc-verkefni um kynbætur hrossa. Það varð svo úr síðar að ég fór til framhaldsnáms út til Uppsala og útskrifaðist þar með doktorsgráðu í erfðafræði magnbundinna eiginleika. Það gekk reyndar svo vel að ég var kallaður fyrir konung þarlendra og veitt sérstök viðurkenning fyrir góða frammistöðu í doktorsnáminu.

Ég vann svo í nokkur ár við háskólann úti en svo fluttum við heim og ég gerðist landsráðunautur í hrossarækt hjá Bændasamtökum Íslands árið 1998. Var svo árið 2004 skipaður fyrsti rektor Landbúnaðarháskóla Íslands en í honum voru sameinaðar nokkrar mikilvægar



Hjónin Ágúst og Unnur stödd á tindinum Schilthorn í Berner-Ölpunum í Sviss árið 2022.



Börnin Frá vinstri: Dagur, Assa, Hjörvar og Elvar árið 2022.


landbúnaðarstofnanir. Í því starfi var ég í 10 ár en skelti mér þá í sveitarstjórnarpólitik og gerðist sveitarstjóri minnar heimasveitar – Rangárfjings ytra – í tvö kjörtímabil.

Verkefni mitt núna þessa dagana er að vera í forstöðu fyrir nýja ríkisstofnun, Land og skóg, sem lagði af stað um síðustu áramót. Í þessari nýju stofnun sameinast tvær


rótgrónar stofnanir – Landgræðslan og Skógræktin – sem eru þá sameinaðar á ný eftir aðskilnað frá árinu 1914. Verkefni þessarar nýju stofnunar eru afar mikilvæg fyrir land og þjóð og virkilega áhugavert að fást við þetta uppbyggingarstarf með frábærum hópi samstarfsfólks.

Við Unnur erum búin að vera saman í 40 ár og höfum ávallt verið þónokkuð samrýmd í okkar stússi. Hún er snillingur í öllu sem viðkemur barnaupplendi og samskiptum og ég hef lært óskaplega margt gott af henni. Hún er verulega dugleg í líkamsrækt og hefur náð að koma mér aðeins í gang þannig að við göngum mikið saman á fjöll og um fagra staði.

Við tókum þátt í að stofna Ferðafélag Rangæinga fyrir nokkrum árum og það hefur verið hvetjandi. Við höfum einnig verið dugleg að ferðast um heiminn og erum með ýmis ný ferðaplön á þrjónunum til næstu ára. Þá hef ég mikinn áhuga á sögu míns heimahéraðs og hef verið þátttakandi í að vekja hinn sögufræga stað Odda úr fold en



Ætt Ágústs Sigurðssonar



hann er reyndar vagga menningar okkar Íslendinga og alveg nauðsynlegt að sýna honum ræktarsemi. Svo er það hestamennskan sem hefur verið alltumlykjandi ævi mína alla – en í henni er hægt að finna endalaus uppsprettu lífsfyllingar – hlakka til að geta sinnt hestum áfram og átt þeirra félagsskap.“

Fjölskylda

Eiginkona Ágústs er Unnur Óskarsdóttir, f. 20.6. 1967, leikskólakennari. Þau eru búsett á Hvolsvelli. Foreldrar Unnar voru Óskar Sigurjónsson, f. 16.8. 1925, d. 10.10. 2012, sérleyfishafi, og Sigríður Halldórsdóttir, f. 15.6. 1929, d. 27.9. 2020, húsmóðir. Þau voru búsett á Hvolsvelli.

Börn Ágústs eru 1) Elvar, f. 13.8. 1982, húsasmíðameistari, giftur Sigríði Arngrímsdóttur arkitekt, þau búa í Kópavogi og eiga Arngrím Ágúst, f. 4.10. 2010 og Patek Örn, f. 18.1. 2014; 2) Hjörvar, f. 10.8. 1991, reiðkennari og hrossabóndi, giftur Hönnu Rún Ingibergsdóttur, reiðkennara og hrossabónda, þau

búa á Kirkjubæ á Rangárvöllum og eiga Lilju Rún, f. 7.2. 2023; 3) Assa, f. 11.8. 1996, háskólanemi í skapandi greinum, býr á Selfossi, sonur hennar er Leó Árnason, f. 21.3. 2020; 4) Dagur, f. 12.6. 1999, háskólanemi í stjórn málafræði, býr í Reykjavík, unnusta hans er Árný Gestsdóttir.

Systkini Ágústs: Kristján, f. 29.1. 1942, húsasmíðameistari í Keflavík; Haraldur, f. 5.6. 1942, sölumaður og söngvari í Reykjavík; Valgarður, f. 14.5. 1943, d. 30.9. 2019, hæstaréttarlögmaður í Reykjavík; Hermóður, f. 26.9. 1945, d. 27.9. 2008, prentsmiður í Reykjavík; Þórhallur, f. 20.1. 1947, skemmtikraftur í Reykjavík; Guðjón, f. 7.2. 1954, húsasmíðameistari á Hellu; Sigríður Járngerður, f. 24.9. 1955, bankafulltrúi í Fljótshlíð, og Guðbjörg Ágústa, f. 2.11. 1958, hjúkrunarfræðingur í Garði.

Foreldrar Ágústs voru Sigurður J. Haraldsson, f. 20.4. 1919, d. 21.1. 1998, húsasmíðameistari og hestamaður, og Sigríður Ágústsdóttir, f. 21.8. 1933, d. 17.10. 2011, húsmóðir og hannyrðakona. Þau voru búsett á Kirkjubæ á Rangárvöllum.



Hótel Á þessari tölvugerðu mynd má sjá nokkrar þeirra bygginga sem ætlunin er að rísi við Holtsós undir Eyjafjöllum.

Stórfelld uppbygging áformuð við Holtsós

● Gistirými 1.020 talsins ● Tvö hótel, 200 smáhýsi og baðlón

Ólafur E. Jóhannsson
oej@mbl.is

Skipulagsstofnun hefur lagt fram til kynningar matsáætlun þar sem lýst er áformum fyrirtækisins Steinar Resort ehf. um stórfellda uppbyggingu ferðaþjónustu við austanverðan Holtsós undir Eyjafjöllum í Rangárþingi eystra.

Áformar fyrirtækið að byggja þar 200 herbergja hóteli við Þjóðveg 1, ásamt 120 herbergja hóteli með baðlóni auk 200 smáhýsa. Þá er og gert ráð fyrir fastri búsetu starfsmanna í 48 starfsmannaíbúðum. Ætlunin er að setja upp fjölorkustöð við Þjóðveginn, ásamt verslunar- og þjónusturými.


Nýverið var greint frá svipuðum áformum fyrirtækisins um uppbyggingu ferðaþjónustu í Ásahreppi í Rangárþingi ytra, en frá þeim var fallið í kjölfar þess að fram kom mikil andstaða heimamanna við þær hugmyndir.

Matsáætlunin er til kynningar í nóvember og gefst almenningi tækifæri til að gera athugasemdir á því tímabili, en að auki verður leitað eftir umsögnum lögbundinna umsagnaraðila. Áætlað er að umhverfismatskýrsla um verkefnið verði send til Skipulagsstofnunar í lok þessa árs og að álit stofnunarinnar liggi fyrir næsta vor. Framkvæmdir eru sagðar geta hafist hálfu til einu ári eftir að öll leyfi liggja fyrir, mögulega í lok næsta árs eða á vordögum 2026.

Holtsós er flokkaður sem leirulón og nýtur sem slíkur sérstakrar verndar í lögum um náttúruvernd. Einkenni slíkra lóna er leirur sem þorna upp að mestu þegar sjávarstaða er lág. Selta leirulóna ræðst af innrennsli ferskvatns og sjávar. Ekki er áformuð uppbygging á sjálfu ósasvæðinu, heldur við austurhluta þess. Í og við Holtsós er fjölbreytt dýralíf, en þar er bæði að finna silung og sel. Einnig hefur laxa orðið þar vart. Mikið fuglalíf er við Holtsós.

Umrætt svæði er skilgreint í aðalskipulagi sveitarfélagsins sem úrvals land til landbúnaðar og byggingarheimildir takmarkaðar, en nú er unnið að breytingu á skipulaginu þar sem skilgreina á umrætt svæði sem verslunar- og þjónustusvæði. Landbúnaður hefur ekki verið stundaður á svæðinu undanfarin fjögur ár.

Svæðið sem hér er undir er í löndum jarðanna Steina 1 og Hvassafells 2. Ætlunin er að endurnýta þær byggingar sem eru austan við Þjóðveginn, aflagt fjós og íbúðarhús, og koma þar fyrir íbúðum fyrir starfsmenn sem og verslunar- og þjónusturýmum. Smáhýsin sem byggja á verða 50 fermetrar að stærð hvert og hótelið sem standa á við Þjóðveg 1 á að vera 10.000 fermetrar en hótelið sem við baðlónið á að rísa verður 8.000 fermetrar að stærð. Áformaður heildarfjöldi gistirúma er 1.020, að frátöldum starfsmannahúsum. Að þeim meðöldum verður heildarfjöldi gistirúma 1.560.



Leigufélagið Bjarg byggir á Helli

ÚR BÆJARLÍFINU

Óli Már Aronsson
Hella



Haldið var upp á 40 ára afmæli sundlaugarinnar á Helli 28. september. Við það tækifæri var frumsýnt myndband sem Einar Kristinsson tók upp á sínum tíma og er aðgengilegt á Youtube. Þá var við sama tækifæri tekinn í notkun nýr innrauður sánuklefi.

Íbúaráð er tekið til starfa í sveitarfélaginu, en meginmarkmið þess er að vinna að auknu íbúalýðræði innan sveitarfélagsins með þátttöku íbúa og að vera formligur vettvangur íbúa um hagsmuni þeirra og þjónustu sveitarfélagsins. Stuðla að meiri tengingu á milli stjórnkerfisins og íbúa og vera vettvangur fyrir íbúa til að vera virkir þátttakendur í stefnumörkun sveitarfélagsins. Einnig vonast sveitarstjórn til að ráðið verði ráðgefandi fyrir stjórnsýsluna og stuðli að eflingu félagsauðs meðal íbúa.

Unnið hefur verið á fullu að undanförmu í byggingu nýs gervi-grasvallar og er fergingu lokið. Nú þarf völlum að síga í 4-5 mánuði áður en lokaþáttur verður unninn, sem er að koma fyrir hitalögnum og lýsingu og leggja grasið sjálft. Stefnt er að því að hægt verði að spila opunarleikinn í tengslum við Töðugjaldahátíðina næsta sumar.

Sudurlif.is er ný frístunda- og viðburðasíða þar sem fimm sveitarfélög á Suðurlandi sameina krafta sína. Síðunni er ætlað að sameina á einum stað alla viðburði svo að hægt sé að kynna sér á einfaldan og aðgengilegan hátt íþrótt- og frístundastarf og aðra viðburði sem eru í gangi. Ástæða er til að benda þeim sem standa fyrir viðburðum á að skrá þá á þessa síðu.

Á síðustu vikum hefur sveitarstjórn gefið út tvö framkvæmdaleyfi fyrir stærstu virkjanaf framkvæmd-



Morgunblaðið/Óli Már Aronsson

Leiguíbúðir Framkvæmdir við fimm íbúða raðhús á vegum Bjargs íbúðafélags eru hafnar við Lyngöldu á Helli.

um sem fyrirhugaðar eru á næstu árum hér á landi. Það er annars vegar framkvæmdaleyfi fyrir vindorkuverið Vaðölduvirkjun (Búrfells- lundur) og hins vegar Hvammsvirkjun, vatnsaflsvirkjun í neðri hluta Þjórsár. Löng bið er orðin eftir að framkvæmdir geti hafist ýmissa hluta vegna en nú virðist ekkert lengur til fyrirstöðu.

Í tengslum við þessar leyfisveitingar og viðræður við Lands-

virkjun má minna á að í stefnumálum Á-lista, sem er með meirihluta í hreppsnefnd, segir m.a.: Þrýstum á að Landsvirkjun setji upp varanlegar starfsstöðvar í sveitarfélaginu samhliða framkvæmdum við Hvammsvirkjun.

Auglýst hefur verið eftir tilnefningum vegna Samborgara ársins, en þetta er í þriðja sinn sem valinn er úr hópi íbúa einstaklingur sem hefur þótt skara fram úr með störfum sín-

um í þágu samfélagsins. Viðurkenningin er veitt í árlegu kaffisamsæti fyrir eldri borgara búsetta í sveitarfélaginu, sem að þessu sinni verður haldið seinnipartinn í nóvember á Laugalandi í Holtum.

Orkan hefur sett upp nýja bensínstöð á Helli og ætlaði að koma á fót þvottastöð (Löður) í framhaldi af því en ekkert bólar á henni, sem veldur íbúum á svæðinu vonbrigðum. Enn eru þessar hugmyndir til

skoðunar og verður vonandi af þeim. Meðeigandi Orkunnar á lóðinni er nú að byggja hús undir verslun og þjónustu á neðri hæð og starfsmannaíbúðir á efri hæð.

Framkvæmdir við fimm íbúða raðhús við Lyngöldu 4 á Helli hófust í sumar. Bjarg íbúðafélag stendur fyrir byggingunni í samstarfi við Rangárþing ytra, sem hefur fjárfest í verkefninu. SG hús á Selfossi munu sjá um framkvæmdina og stefnt er á að afhenda íbúðirnar í lok þessa árs. Framlag Rangárþings ytra felst í 12% stofnframlagi sem greiðist með skuldajöfnun gjalda annars vegar og beinum fjármunum hins vegar, en heildarupphæðin nemur tæpum 30 milljónum króna.

Á heimasíðu Bjargs kemur fram að „Bjarg íbúðafélag er sjálfseignarstofnun rekin án hagnaðarmarkmiða. Félaginu er ætlað að tryggja tekjulágum einstaklingum og fjölskyldum á vinnumarkaði, sem eru fullgildir félagsmenn aðildarfélaga ASÍ eða BSRB, aðgengi að öruggu íbúðarhúsnæði í langtímaleigu. Um er að ræða svokölluð leiguheimili að norrænni fyrirmynd.“ Sveitarfélagið fagnar framkvæmdinni, enda er hún skref í átt að því að tryggja hefur verið á nægjanlegu magni trjágræðlinga til skógræktar hér á landi.

Ríkið og einkafyrirtækið Gbest hafa komist að samkomulagi um afnot af ríkislandi í Gunnarsholti til rekstrar og umfangsmikillar skógarplöntuframleiðslu, en vöntun hefur verið á nægjanlegu magni trjágræðlinga til skógræktar hér á landi.

Skrifað hefur verið undir viljayfirlýsingu við Sorporku ehf. um uppsetningu brennslustöðvar á Strönd. Gert er ráð fyrir að stöðin geti brennt um 2.500 tonn af óendurvinnanlegu sorpi á ári. Þá er gert ráð fyrir að stöðin framleiði heitt vatn sem nýst gæti á starfssvæði Sorpstöðvarinnar á Strönd.



Morgunblaðið, 20.11.2024, síðu 8.
grein stærð: 146.41 sm²
grein hæð: 7.06 sm

Strengir til Eyja þurfa ekki í mat

● Framkvæmdin er ekki talin líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif

Framkvæmdir við lagningu Vestmannaeyjalína 4 og 5, sem eru 66 kW jarð- og sæstrengir milli lands og Eyja, eru ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif að mati Skipulagsstofnunar og eru þær því ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Eins og fram hefur komið á að leggja fyrirhugaða strengi frá tengivirki í Rimakoti í Rangárþingi eystra niður Landeyjasand til sjávar og þaðan sem sæstrengi til Eyja. Verða þeir báðir um

18 km langir í heildina en tilgangurinn er að tryggja örugga orkuafhendingu fyrir byggðina í Eyjum.

Skipulagsstofnun telur m.a. líklegt að áhrif framkvæmdanna á fjöru, fuglalíf, lífríki og hafsbötn verði óveruleg. Helstu umhverfisáhrif þeirra kunni að verða á þrennar til fernar fornminjar í Rangárþingi ytra og á Flakkarann í Vestmannaeyjum þar sem framkvæmdin muni valda raski á vernduðu Eldfellshrauni.

„Skipulagsstofnun telur að þar sem leggja á strenginn innan friðhelgunarsvæðis nærri friðlýstum virkishleðslum á Skansinum án þess að raska minjunum sjálfum sé ekki líklegt að framkvæmdin komi til með að raska verndargildi Skansins. Skipulagsstofnun tekur undir með umsagnaradilum um að lagning strengjanna um þetta viðkvæma svæði ná ekki út fyrir fyrirhugað framkvæmdasvæði og að framkvæmdir verði eins mikið

og hægt er innan þess svæðis sem nú þegar hefur verið raskað vegna fyrri framkvæmda,“ segir m.a. í ákvörðun Skipulagsstofnunar.

Þá séu mótvægisáðgerðir og tilhögun framkvæmda til þess fallnar að draga úr áhrifum þessara framkvæmda t.a.m. á eldhraun. Áhersla er lögð á að við framkvæmdina séu skilmálar í aðalskipulagi Vestmannaeyjabæjar og ábendingar Minjastofnunar vegna fornminja virtar. omfr@mbl.is



Hólmfríður Þórsdóttir, Holtsmúla, Rangárþingi ytra, Kristbjörg Hilmarsdóttir, Þykkvabæjarklaustri, V-Skaftafellssýslu og Sigurlaug Steingrímsdóttir, Hárlaugsstöðum, Ásahreppi pakka gærum sem sendar voru til Svíþjóðar til vinnslu.



Pær Sigurlaug, Kristbjörg og Hólmfríður ræða málin.



Jónína Þórðardóttir, Lækjarbotnum, Rangárþingi ytra.
Myndir / Aðsendar

Metmagn af feldfjárskinnnum til vinnslu í Svíþjóð

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is



Félag feldfjábænda á Suðurlandi hefur verið starfandi í um áratug og segir formaðurinn, Elísabet S. Jóhannsd. Sörensen í Köldukinn í Holtum, að talsverður uppgangur sé í þessum anga íslenskrar sauðfjárræktar.

Nú í haust fór metmagn frá okkur í félaginu til Svíþjóðar í sútun, eða um 400 gærum af feldlömbum, venjulegum lömbum og geitastökur,“ segir Elísabet.

Bændaferð til Svíþjóðar

Bændur á tíu bæjum eiga skinn sem fóru út til vinnslu. „Áður fyrr fóru skinnin okkar til sýtunar á Sauðárkróki en þá var þetta mjög lítið magn, kannski 30–40 skinn. Síðan

leggst verksmiðjusútun þar af og um leið hér á landi.

Árið 2017 fórum við feldfjábændur í bændaferð til Svíþjóðar og hittum þar ræktendur Gotlandsfjár, sem er fyrirmynd íslenska feldfjárins. Í þessari ferð skoðuðum við meðal annars sýtunarverksmiðju. Við hrifumst af því hvernig staðið var að öllum málum þar varðandi vinnsluna,“ útskýrir Elísabet.

„Síðan höfum við sent til þeirra okkar skinn og við erum tíu bændur sem höfum verið að senda út skinn í sútun. Þetta hefur aukist bara jafnt og þétt á hverju ári. Hvert skinn er merkt sínum bónda með númeri og ef við hefðum tök á því að einstaklingsmerkja gærunar í sláturhúsinu þá gætum við fengið skinnin einstaklingsmerkt til baka sem væri mjög gaman, að geta rakið ferlið alla leið. Skinnin seljum við svo flest á okkar búum eða í



Elísabet Sörensen.

handverksbúðum í héraði.

Við fáum skinnin bæði klippt og óklippt til baka frá Svíþjóð. Klipptu skinnin hafa verið eftirsótt, til dæmis hjá bólstrum,“ segir Elísabet, spurð um hverjir séu helstu viðskiptavinir feldbænda. „Líka eru margir áhugasamir um að fá skinn bara til að prýða heimili sín.“



Astríður Lilja Guðjónsdóttir, Vöðlum, Rangárþingi ytra og Sigurður Arnar Sverrisson, Þykkvabæjarklaustri, V-Skaftafellssýslu.

Aukinn áhugi á feldfjárrækt

Elísabet segir að almennt megi segja að hver og einn bóndi sé alltaf í auknum mæli að vinna sínar afurðir meira, til að búa til enn meiri verðmæti úr þeim. „Þá eru það bæði nytjahlutir og skrautmunir alls konar. Við notum þetta hráefni líka til að gera vettlinga, barnaskó og í raun bara eins og gömlu mokkaaskinnin voru notuð.

Já, það er óhætt að segja að þessi grein sé mjög vaxandi,“ svarar Elísabet þegar hún er spurð að því hvort hún finni fyrir auknum áhuga bænda. „Núna viljum við fara að huga meira að framleiðslunni og handverkinu. Þá er ég að meina þannig að virðisaukinn verði meira eftir hjá okkur bændum og milliliðum sé fækkað. Þetta er nefnilega ekki aukabúgreinin okkar eins og hjá flestum öðrum sauðfjábændum. Skinnin og ullin eru aðalafurðin, en kjötið aukaafurð.“

Ullin líka gríðarlega mikilvæg

„Ullin er líka gríðarlega mikilvæg fyrir okkur sem kemur af öllum líflömbum okkar. Ull af feldfé hefur verið eftirsótt í handspuna því hún er svo mjúk og glansandi. Handverksfólk víða um heim hefur sótt í það að kaupa reyfi beint af bónda í handspuna til dæmis. Nú síðast var hollensk kona sem kom hingað á Ullarviku Suðurlands sem fékk senda ull og garn af feldfé til að kynna á 400 manna ráðstefnu handspunafólks í Hollandi.

Við höfum látið spinna fyrir okkur í Uppspuna og Gilhaga, smáspunaverksmiðjum á Íslandi, en einnig í Danmörku. Svo hefur Ístex unnið plötulopa fyrir okkur, en það er ákveðið vandamál fyrir okkur að Ístex þarf svo rosalega mikið magn til að hægt sé að láta vinna okkar hráefni þar.

Þannig að við höfum safnað saman og kannski látið ull frá okkur

þriðja hvert ár til vinnslu þar,“ segir Elísabet.

Í náinni snertingu við ræktunina

„Það er gríðarlega skemmtilegt að fást við þessa tegund ræktunar því eiginleikarnir eru svo nálægt okkur sem við sækjumst eftir að við getum hreinlega snert á þeim. Við veljum gripina út frá feldeiginleikum,“ heldur Elísabet áfram.

Hvert lamb er metið að hausti samkvæmt ákveðnum stöðlum. „Nú getum við loksins skráð felddóma inn í Fjársýslu sem er nauðsynlegt til að halda utan um ræktunarstarfið,“ segir Elísabet og segist sjálf hafa fjölgað töluvert núna í ásetningu fyrir veturinn, sé með 40 vetrarfóðraðar ær.

Heimsókn á Vesturland


Að sögn Elísabetar eru nokkrir félagar úr sunnlenska feldfjárræktarfélaginu að ráðgera heimsókn á Vesturland og kynna fyrir feldfjáreigendum þar hvað þau eru að gera. Hún segir að farin hafi verið slík ferð fyrir Covid-faraldurinn og nú sé ætlunin að endurtaka leikinn og funda með bændum þar. Áhugi sé þar einnig að aukast.

Fjölga þarf gripum inn í ræktunarstarfið

„Það er nauðsynlegt að glæða áhuga sem flestra á þessari ræktun til að hægt sé að fjölga hraðar vænlegum gripum inn í ræktunarstarfið. Ég hugsa að við séum kannski að nálgast um 300 vetrarfóðraðar feldær hér á Suðurlandi, þar sem langstærsti hlutinn er,“ segir Elísabet.

Hún bendir á að það sé árangur sem megi þakka Guðna Má Sveinssyni á Melhóli – og í raun að þessi ræktun sé einfaldlega enn til. „Þessi grein á heilmikið inni, því við sjáum á undanföllum árum hvernig áhugi hefur stórukaist til dæmis á þróunaskap og almennt meiri meðvitund að vinna með náttúrulegt hráefni.“


/smh



Melgresið langöflugasta plöntutegundin

Bókarkafli Jörðin Gunnarsholt á sér mikla sögu og þar hefur á 20. öld verið forysta í landgræðslu og landbótum. Í bókinni Saga Gunnarsholts á Rangárvöllum rekur Sveinn Runólfsson fyrrverandi landgræðslustjóri sögu staðarins, en hann átti heimili í Gunnarsholti í nær sjö áratugi.

Allt frá upphafi sand- og landgræðslu hér á landi hefur íslenska melgresið verið langöflugasta plöntutegundin í baráttunni við sandinn. Melkorni var safnað í Skaftafellssýslum og austan verðri Rangárvallasýslu frá því að land byggðist, og var þreskt á skökustokkum



og verkað í sofnhúsum. Melkornið skipti fólksannarlega máli. Sem dæmi má nefna að árið 1900 uppskáru

bændur um 80 tonn af melkorni í Meðallandi og bægu þar með hungurvofunni frá. Ef melkornið fauk í óveðrum á haustin og uppskeran brást, horfðu menn fram á matarskort og hungur.

Kornið var þreskt með þústi

Gunnlaugur Kristmundsson, fyrsti sandgræðslustjórinn, keypti handskorin öx af bændum í Landsveit og lét einnig safna melöxum víðar strax í upphafi sandgræðslu hér á landi árið 1908. Gunnlaugur lét áður fyrr þreskja kornið með þústi. Þústur er fornt og einfalt tæki til að þreskja korn sem notað var uns Sandgræðslan eignaðist sína fyrstu gadd-



Ljósmynd/Sveinn Runólfsson

Fræ Á myndinni er Jón Jónsson. Með honum í för var Oddur Árnason en þeir unnu áratugum saman hjá Landgræðslunni. Þeir félagar eru að koma inn á landgræðslusvæði á Landmannaafreíti 1972. Jón ók dráttarvélinni og melfræið var laust á kerrunni og þar sat Oddur. Diskaherfi var fest aftan í kerruna og handdreifði Oddur fræinu á sandinn fyrir framan herfið til að fella það niður í sandinn. Þeir voru í sex daga á einu í útleð og gistu í gangnamannakofa.

þreskivél og fræhreinsivél árið 1924. Vélarnar voru geymdar á fjóslofti í Gunnarsholti eftir 1929, þar sem melkornið var verkað, fram undir 1955. Það var búið í Gunnarsholti frá 1928 til 1946 en þá voru ekki starfsmenn þar á vegum Sandgræðslunnar að vetri til. Reynt var að fá menn á útmánuðum til að koma í Gunnarsholt til að þreskja melinn. Þetta þótti ekki fýsilegt starf því það var svo mikið ryk og mygla í melpokunum og andlitsgrímur þekktust ekki. Gaddþreskivélar voru upphaflega knúnar með handafl og þurfti tvo menn til að snúa þeim. Síðar var sett reimskífa á þær og í Gunnarsholti voru gaddþreskivélar knúnar af reim

sem sett var á felgu á afturhásingu vörubifreiðar. Gunnlaugur setti upp kornhlöðu á Stóra-Klofa í Landsveit eftir að Sandgræðslan eignaðist jörðina árið 1924. Enn má sjá leifar af gaddþreskivél í tóftum kornhlöðunnar.

Þreskivél með hreinsibúnaði

Sandgræðslan keypti um 1930 norska Björnerud-þreskivél með slagvindu og hreinsibúnaði. Vélin er enn til í Gunnarsholti. Sandgræðslan keypti einnig McCormick-raðsáðvél fyrir korn árið 1924, þá fyrstu hér á landi, og var hún dregin af hesti. Hún reyndist ónothæf til að sá melfræi sökum þess hve fræið er loðið.

Fræhárin komu í veg fyrir að kornið hryndi jafnt og þétt úr frækassanum og þau stífluðu einnig sáðpípurnar. Það var ekki fyrr en Landgræðsla ríkisins fór að húða melfræið 1987 að fræin runnu greiðlega úr raðsáðvélunum.

Umtalsverður erfðafræðilegur munur

Rannsóknir sem Björn Sigurbjörnsson gerði á íslenska melgresinu á árunum 1956 til 1960 sýndu að mörg staðarabrigði af tegundinni vaxa hér á landi. Björn safnaði melgresi víða af landinu og með því að bera saman stofna frá mismunandi stöðum, sem ræktaðir voru við sömu skilyrði á Geitasandi í nágrenni Gunnarsholts, sýndi hann fram á umtalsverðan erfðafræðilegan mun á milli íslenskra melgresisstofna. Melkornið var fyrr á öldum skorið með svonefndum sigða, alveg niður við sandinn, stöngin var notuð á þök húsa og kornið til manneldis. Melkorni til sandgræðslu var hins vegar yfirleitt alltaf safnað með því að skera með vasahníf rétt fyrir neðan öxin og setja þau í poka sem sláttumaðurinn bar á öxlinni, og fékk hann greitt fyrir hvert kíló sem hann safnaði þannig. Það má ætla að fólkið, sem safnaði melkorninu, hafi valið sverustu og stærstu öxin, og eingöngu þau sem báru fræ sem voru við það að falla úr öxunum.

Síðan var þessu korni sáð árið eftir og að nokkrum árum liðnum var svo fræi safnað á þessum sömu slóðum, sem ávallt voru innan sandgræðslugirðinga. Sagan endurtók sig og á einhverjum áratugum var búið að margvelja þyngstu og stærstu melöxin. Í upphafi sandgræðslu í Gunnarsholti um 1927 er afar líklegt að notað hafi verið fræ sem safnað var í Landsveit. Á næstu áratugum var lögð áhersla á að safna melfræi í Gunnarsholti því þar var yfirleitt starfsfólk á vegum Sandgræðslunnar. Björn Sigurbjörnsson sýndi fram á að vænlegasta staðarabrigði melgresis hér á landi var upprunnið á Pykkvabæjarfjöllum. Því var lögð áhersla á að safna sem mestu af melfræi þar og það notað til heftingar sandfoks víða um land.

Eftir áratuga val eru plönturnar í helstu mellöndum Landgræðslunnar orðnar einsleitar. Gera má ráð fyrir að nær öll mellönd á landgræðslusvæðum séu af staðarabrigði frá Pykkvabæ í Rangárfingi ytra.

Plönturnar þroska fræ á sama tíma og öxin eru löng og fræin stór, sem eykur spírunarhæfni þeirra og þrótt ungra plantna. Umrædd mellönd eru öll á svæðum þar sem sauðfé er ekki á beit, enda sýnir reynslan að öxin á mellöndum þar sem sauðfjárbeit fer fram eru miklu minni og melstangir gisnari. Sýnt hefur verið fram á að saltþol melsins og melfræsins er afar mismunandi eftir staðarabrigðum. Hálendismelfræ hefur t.d. nær ekkert saltþol.

Melfræi sáð með einskera plógi

Gunnlaugur virðist hafa gert sér ljóst strax í upphafi sandgræðslustarfsins að koma yrði melfræinu niður í sandinn til þess að það næði að spíra. Á þeim tíma voru engar vélar eða tæki til þeirra hluta nema plógur. Þegar ráðist var til atlögu við sandfoksvæði var byrjað að girða það og friða fyrir beit. Þar næst voru hlaðnir grjótgarðar til að stöðva sandskriðið og gefa væntanlegum melstráum skjól. Fyrstu fjóra áratugi starfsins var hestur látinn draga einskera plóg er sáðmaður stýrði. Á eftir honum kom annar sáðmaður og sáldraði melfræi í plógfarið. Sáð var beggja megin við garðana og farnar nokkrar ferðir fram og til baka, sitt hvoru megin við garðana og þá kaffærði plógurinn melfræið sem búið var að sá. Þegar vélknúin dráttartæki komu til sögunnar voru dráttarvélar, jeppar og vörubílar með drifi á öllum hjólum notaðir til að draga diskaherfi til að hylja fræið. Algjör bylting varð síðan í afköstum við sánunguna og í árangri þegar raðsáðvélar komu til sögunnar árið 1988. Þær voru keyptar frá Nýja-Sjálandi, en vélamennirnir í Gunnarsholti breyttu þeim og styrktu til þess að þær stæðust álagið af sánungum í grýtta sanda.

Tíu krónur að flytja sáðvél frá Bergen

Gunnlaugur Kristmundsson sandgræðslustjóri gerði aðra tilraun árið 1928 til að kaupa nothæfa raðsáðvél til að sá melfræinu. Það var mikið í húfi til að fá jafna og örugga sánungu á fræinu til að tryggja hámarks spírun fræsins. Árni G. Eydlands verkfæraráðunautur hafði milli-göngu um kaup á norski ellefu rása sáðvél sem hann taldi að myndi ná að sá melfræinu. Raðsáðvélin kostaði 460 norskar krónur og flutningur frá Bergen til Reykjavíkur kostaði tíu krónur. En allt kom fyrir ekki, melfræið fór ekki niður úr sáðvélinni, vegna háranna á fræinu. Sáðmenn sandanna þurftu því áfram að nota einskera plóginn til að fella melfræið ofan í sandinn. Þegar öflugri dráttartæki komu til sögunnar eftir seinni heimstyrjöldina var mjótt diskaherfi hengt aftan í hertrukka er Sandgræðslan keypti 1945. Dráttarvélar leystu þá svo af hólmí. Melfræi og stundum tilbúnum áburði var sáldrað af pallinum fyrir framan diskaherfið. Vorið 1987 kom húðað melfræ til sögunnar en því var hægt að sá með raðsáðvélum með góðum árangri.

Væntanlega hefur sáðvélin farið til Sámssstaða í Fljótshlíð þar sem Búnaðarfélag Íslands rak tilraunastöð.

Melfræið þurrkað

Á fyrstu fimmtíu árum í uppskeru melfræs til sandgræðslu var hvergi unnt að þurrka það eftir slátt. Öxin komu yfirleitt sekkuð rök í strigapoka í Gunnarsholt þar sem þeir voru svo hengdir upp í útihúsum til þess að loft léki um þá. Fræið myglaði oft, en það var eins og það héldi spírunareiginleikum sínum þrátt fyrir það. Kornið var svo þreskt um veturinn í Gunnarsholti og sáð næsta vor. Mikil framför varð þegar Kornbragginn svokallaði kom til sögunnar 1960 og þá var unnt að þurrka betur fræið. Tilkoma Fræverkunarstöðvar innar árið 1988 gerbreytti möguleikum Landgræðslunnar til að sinna hlutverki sínu. Með Fræverkunarstöðinni kom aðstaða til að þurrka, hreinsa og gæðaflokka melfræið.